Fréttabréf skólaþjónustu Árborgar

5.tbl. apríl **2014**

Leikskólarnir í Árborg hljóta styrk úr Sprotasjóði

Þær ánægjulegu fréttir bárust rétt fyrir páskafrí að umsókn leikskólanna í Árborg um styrk til Sprotasjóðs var samþykkt. Samþykkt var að veita styrk að upphæð tvær milljónir vegna verkefnisins *Að auka hæfni, þekkingu og leikni leikskólabarna í læsi.* Margar umsóknir bárust í sjóðinn og má geta þess að sjóðurinn hefur um 50 milljónir til ráðstöfunar en samtals var sótt um styrki að upphæð rúmlega 250 milljónum króna. Næsta úthlutun úr Sprotasjóði verður væntanlega auglýst í upphafi árs 2015.

Nú fara í hönd spennandi tímar fyrir starfsfólk leikskólanna að vinna í þessu verkefni og verður fróðlegt og gaman að fylgjast með og sjá afraksturinn. Til hamingju !

Krækjur frá Árborg:

- Niðurstöður Pisa—Árborg
- Lýðræðislegt augnarblik
- Aðgerðaráætlun gegn einelti, ofbeldi og kynferðislegri og kynbundnu áreiti

Spilavinir—Fjársjóðsleit

Í byrjun apríl mánaðar voru tvö námskeið í boði á Selfossi fyrir kennara og annað starfsfólk skólanna í Árborg. Þetta voru námskeið frá Spilavinum og Klifinu. Bæði námskeiðin voru vel sótt og má segja að það hafi verið uppselt á þau bæði. Námskeiðið frá Klifinu kallast Fjársjóðsleitin og er fyrir fagfólk sem starfar með börnum með brotna sjálfsmynd. Þátttakendum á námskeiðinu var bent á leiðir til að nýta hugræna atferlismeðferð með börnum á árnagursríkan hátt.

Á kynningunni frá Spilavinum fengu þátttakendur ýmsar hugmyndir fyrir kennsluna bæði í leikskólum, grunnskólum og félagsmiðstöð. Margir skemmtu sér konunglega og áttu erfitt með að slíta sig frá fjölbreyttum og fróðlegum spilum.

Barnavernd

Á Íslandi er til stofnun eða embætti sem heitir Barnavernd. Þarna starfa sérfræðingar félagsþjónustu sveitarfélag-anna. Barnaverndanefndir koma einnig að þessari stofnun. Þetta embætti hefur það að markmiði að vernda börn og aðstoða þau eftir bestu getu.

Fordómar eru víðsvegar í þjóðfélaginu og heiminum. Orðið fordómar skýrir sig sjálft, það eru dómar sem eru felldir án þess að þeir sem dæma hafi kynnt sér málið að fullu.

Barnavernd hefur það markmið sem liggur í orðinu, að vernda börn, aðstoða þau og foreldra þeirra. Þessum málum sinna félagsráðgjafar og fólk sem hefur menntun og þjálfun í því að starfa með börnum.

Sumir eru hræddir við það að tilkynna eitthvað til Barnaverndar. En er það slæmt? Er slæmt að segja frá því og óska eftir því að börnum sé komið til hjálpar? Börn og unglingar geta lifað áhættusömu lífi þar sem þeir stofna sér og öðrum í hættu.

Foreldrar geta staðið ráðþrota og vita ekki hvernig þeir eiga að koma fram við börnin sín. Er slæmt að segja frá því að foreldrar fái hjálp og ráðgjöf við hæfi? Samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og barnaverndar-lögum eiga börn alltaf að njóta vafans.

Gott væri að almenningur kynnti sér í ríkari mæli hvað Barnavernd gerir og hennar markmið, sem er m.a. að vernda börn og koma til móts við þarfir þeirra.

Vonandi tekst okkur í framtíðinni að efla jákvætt viðhorf og minnka fordóma gagnvart Barnavernd og félagsþjónustunni til hagsmuna fyrir alla.

Höfundur: Sigríður Pálsdóttir sérkennari